

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

85. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn þriðjudaginn 31. maí 2022. Fundurinn var fjarfundur haldin í Teams og hófst hann kl. 9:00.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal. Af hálfu SNS mættu Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Guðbjörg Sigurjónsdóttir boðaði forföll.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Ósk um að raða tónlistarskólakennara í starfsheitið Tónlistarskólakennari III.

Tekið fyrir erindi skólastjóra Tónlistarskóla Fáskrúðs – og Stöðvarfjarðar dags. 23.05.2022 þar sem óskað er eftir því að samstarfsnefnd raði starfandi kennara við skólann í starfsheitið tónlistarskólakennari III í samræmi við bókun V í kjarasamningi aðila.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að tónlistarkennarinn raðist í starfsheitið Tónlistarskólakennari III.

2. Önnur mál

Rætt almennt um innleiðingu á betri vinnutíma í tónlistarskólum og skil stjórnenda á vinnutímasamkomulögum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:00.